

Nd.

144. Frumvarp til laga

um eignarnámsheimild handa Neskaupstað á jörðinni Nessi í Norðfirði.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er heimilt að taka eignarnámi þann hluta jarðarinnar Ness í Norðfirði, sem ekki er þegar í eigu bæjarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Flestir kaupstaðir landsins munu nú orðið eiga land það, er bæirnir eru byggðir á, og með lögum um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa frá 1941 hefur Alþingi einnig ákveðið að stefna að því, að kauptún öll eignist allar lóðir og lendur innan sinna umdæma.

Neskaupstaður er einn þeirra kaupstaða, sem enn þá ræður ekki yfir bæjarlandi sínu. Kaupstaðurinn er byggður í svo nefnda Neslandi, sem er um 29 hundruð að stærð. Af því á bæjarfélagið nú um 18 hundruð, í óskiptu landi, en um 11 hundruð eru í eigu 6—7 manna. Þessir fáu landeigendur ráða algerlega útlánnum og leigukjörum á bæjarlandinu og njóta í ýmsu sérstakra hlunninda, sem þeir sjálfir veita sér.

Langur rökstuðningur fyrir þörf og réttmæti þess, að bæjarstjórnir ráði að fullu yfir landi bæjanna, er óþarfur. Sú röksemd ein skal nefnd hér, að bæjarfélögin og eins ríkið auka verðmæti lóða og lendna í kaupstöðum með margvíslegum framkvæmdum, og sjá allir, hve óeðlilegt er, að einstaklingar skuli njóta þeirra verðhækkana lóðanna, sem þannig verða til.

Hið háa verð lóðanna, sem hið opinbera hefur á þennan hátt skapað, verður síðan beinlínis fjötur um fót bæjarfélaganna við ýmiss konar nauðsynlegar framkvæmdir á bæjarlandinu.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni bæjarstjórnar Neskaupstaðar, sem hefur æ ofan í æ rekið sig á vandkvæði þess að ráða ekki yfir landi því, er bærinn er byggður á.